

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

C. liður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	1,32	15,0—15,9	2,81
5,0— 5,9	1,41	16,0—16,9	3,04
6,0— 7,9	1,52	17,0—17,9	3,26
7,0— 7,9	1,60	18,0—18,9	3,46
8,0— 8,9	1,67	19,0—19,9	3,72
9,0— 9,9	1,74	20,0—20,9	3,92
10,0—10,9	1,85	21,0—21,9	4,14
11,0—11,9	1,92	22,0—22,9	4,40
12,0—12,9	2,16	23,0—23,9	4,61
13,0—13,9	2,36	24,0—24,9	4,82
14,0—14,9	2,61	25,0—25,9	5,06

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa staflíðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðarmáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 79/1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1984.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.